



Galatabréfið

Útskýringar sem byggðar eru á Torah og hebresku samhengi fyrstu aldarinnar.

Eftir Avi ben Mordechai © 2005-2006 Millennium 7000 Communications. Allur réttur áskilinn.
Íslensk þýðing: Sigrún Einarasdóttir - www.torah.is
Birt með leyfi höfundar - www.m7000.com

17. þáttur af 18

Skjámynd:

Galatabréfið 6.1-2 Bræður! Ef einhver misgjörð kann að henda mann, þá leiðréttið þér, sem andlegir eruð, þann mann **með anda mildi**. Og haf gát á sjálfum þér, að þú freistist ekki líka. Berið hver annars byrðar og fyllist leiðbeiningum (lög máli eða Torah) Messíasar.

Esekiel 36.27 Og ég mun leggja yður anda minn í brjóst og koma því til vegar, að þér hlýðið boðorðum mínum og varðveitið setninga mína og breytið eftir þeim.

Jóh. 16.13 En þegar hann kemur, andi sannleikans, mun hann leiða yður í allan sannleikann...

3. Mós. 19.17-18 Þú skalt ekki hata bróður þinn í hjarta þínu. Einarðlega skalt þú ávíta náunga þinn, að þú eigi bakir þér synd hans vegna. Eigi skalt þú hefnisamur vera né langrækinn við samlanda þína, en þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig. Ég er YHWH.

Matt. 18.21-22;35 Þá gekk Pétur til hans (Yeshua) og spurði: "Herra, hve oft á ég að fyrirgefa bróður mínum, ef hann misgjörir við mig? Svo sem sjö sinnum?" Yeshua svaraði: "Ekki segi ég þér sjö sinnum heldur sjötíu sinnum sjö..." (síðan sagði hann söguna af illa þjóninum til að koma með niðurstöðu sína) ...Þannig mun og faðir minn himneskur gjöra við yður, nema hver og einn yðar fyrirgefi af hjarta bróður sínum."

Leiðbeiningar Messíasar: Elskið hvert annað

Skjámynd:

Galatabréfið 6.16-18 Og yfir öllum þeim, sem þessari leið fylgja, sé friður og miskunn, og yfir Ísrael Eilóhíms. Enginn mæðir mig héðan í frá, því að ég ber merki Meistara okkar Yeshua Messíasar í líkama mínum. Náðin Meistara vors Yeshua Messíasar sé með yðar anda, bræður. Amen.

„Efraímheiðingjar“

Skjámynd:

1. Mós. 48.19 (Varðandi blessanimar sem synir Jósefs hlutu - Efraím og Manasse) ...Einnig hann (Manasse) mun verða að þjóð og einnig hann mun mikill verða, en þó mun yngri bróðir hans (Efraím) verða honum meiri, og afsprengi hans mun verða (*M'lo Hagoyim*) fjöldi þjóða...

Lúk. 21.24 ...og Jerúsalem verður fótum troðin af heiðingjum, þar til tímar heiðingjanna eru liðnir.

Róm. 11.25 ...Forherðing er komin yfir nokkurn hluta af Ísrael og varir þangað til heiðingjarnir eru allir komnir inn. ...Og þannig mun allur Ísrael frelsaður verða,

Skjámynd:

...Ananías svaraði: "Meistari, heyrð hefur ég marga segja frá manni þessum, hve mikið illt hann hefur gjört þínum heilögu í Jerúsalem. Og hér fer hann með vald frá æðstu prestunum að færa í bönd alla þá, sem ákalla nafn þitt." YHWH sagði við hann: "Far þú, því að þennan mann hefur ég valið mér að verkfæri til þess að bera nafn mitt fram fyrir heiðingja, [og] konunga og börn Ísraels [**báða** syni Ísraels], og ég mun sýna honum, hversu mikið hann verður að þola vegna nafns míns." (Post. 9.13-16)

Báðir = Synir Ísraels

Skjámynd:

"Nafn þitt er Jakob. Eigi skalt þú héðan af Jakob heita, heldur skal nafn þitt vera Ísrael." Og hann nefndi hann Ísrael. Og Elóhím sagði við hann: "Ég er El Shaddaí. Ver þú frjósamur og auk kyn þitt. Þjóð, (goy eða „heiðingi) já fjöldi þjóða („heiðingja“) skal frá þér koma, og konungar skulu út ganga af lendum þínum... (1. Mós. 35.10-11)

Báðir = Synir Ísraels

Skjámynd:

Elóhím sagði við Abraham: "Saraí konu þína skalt þú ekki lengur nefna Saraí, heldur skal hún heita Sara. Og ég mun blessa hana, og með henni mun ég einnig gefa þér son. Og ég mun blessa hana, og hún skal verða ættmóðir heilla þjóða (goyim eða heiðingja), hún mun verða *ættmóðir* þjóðkonunga." (1. Mós. 17.15-16)

Báðir = Synir Ísraels

Skjámynd:

...Ananías svaraði: "Meistari, heyrð hefur ég marga segja frá manni þessum, hve mikið illt hann hefur gjört þínum heilögu í Jerúsalem. Og hér fer hann með vald frá æðstu prestunum að færa í bönd alla þá, sem ákalla nafn þitt." YHWH sagði við hann: "Far þú, því að þennan mann hefur ég valið mér að verkfæri til þess að bera nafn mitt fram fyrir heiðingja, [og] konunga og börn Ísraels [**báða** syni Ísraels], og ég mun sýna honum, hversu mikið hann verður að þola vegna nafns míns." (Post. 9.13-16)

Skjámynd:

Róm. 9.22-26 En ef nú Elóhím, sem vildi sýna reiði sína og auglýsa mátt sinn, hefur með miklu langlyndi umborið ker reiðinnar, sem búin eru til glötunar, og ef hann hefur *gjört það* til þess að auglýsa ríkdóm dýrðar sinnar á kerum miskunnarinnar, sem hann hafði fyrirfram búið til dýrðar? Slík ker *erum vér*, sem hann hefur kallað, ekki aðeins úr flokki Gyðinga, heldur og úr flokki heiðingja (goyim). Eins og hann líka segir hjá Hósea...

... Lýð, sem ekki var minn, mun ég kalla minn, og þá elskaða, sem ekki var elskuð... (Tilvísun í Hósea 2.23)

Hósea 1.10 ...Og í stað þess, að sagt var við þá: "Þér eruð ekki minn lýður!" skal við þá sagt verða: "Synir hins lifanda Elóhíms!" Júdamenn (synir Júda) og Ísraelsmenn (synir Ísraels) skulu safnast saman...

Framhald í næsta þætti...

Taktu frá þrjú kvöld í júní 2010 (14. 15. og 16. júní)



Avi ben Mordechai kemur til Íslands í júní 2010 og verður með spennandi fyrirlestra.

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar um þetta tækifæri til að hlusta á fræðslu um hebreskar rætur trúarinnar, eða tryggja þér sæti á fyrirlestrunum hafðu þá samband við Sigrúnu í síma 824 8848 eða með því að senda tölvupóst á torah@internet.is